

Ársskýrsla NES 2022

Ég vil byrja á að þakka því góða fólki sem ég hef starfað með. Þetta hefur verið mjög skemmtilegt og lærdómsríkt ár. Ég verð því miður að byrja á leiðinlegum nótum og þau mál varðar um skort á þjálfurum, árið byrjaði ekki vel hjá okkur í þeim málum. Við misstum tvo þjálfara sem sinntu sundi eldri og yngri hópnum okkar og einnig frjálsíþróttir yngri. Formaður hann Ragnar bjó til auglýsingu sem við dreifðum vítt og breitt án árangurs og höfum við því miður ekki getað boðið upp á þá þjónustu sem við myndum vilja bjóða upp á þar sem engin hefur sótt um þessar stöður. Mætti komandi stjórn leggja meiri áherslu á að finna lausn á þessum vanda. Vegna mikilla anna hjá formanni honum Ragnari Birki Bjarkason varð hann því miður að segja af sér og fór þá keflið yfir á varaformann og stjórnarmenn. Jóhann Jóhannsson ritari tók það hlutverk að sér að aðstoða varaformann.

Við viljum þakka honum Ragnari fyrir sín störf og stóð hann sig með þryði.

Starfið okkar hefur gengið mjög vel og hélt NES Íslandsmót í Boccia og sú sem á heiðurinn af því móti er Petrína Sigurðardóttir og stendur hún þett við Boccia deildina og einnig var hún líka með Lionsmót,

NES vill þakka henni fyrir sitt frábæra framlag, einnig eignaðist NES Íslandsmeitara, sá sem hreppti þann titil var hann Jósef Daníelsson.

NES fær enn styrki frá góðum fyrirtækjum til að styðja við starfið okkar til að gera það betra og skemmtilegra. Þau fyrirtæki eru:

Skiltagerð.is

Lögreglan á Suðurnesjum

Sínavík kef

Púttfélagið Suðurnesja

Petrína Sigurðardóttir

Nettó

Lionsklúbbur á Suðurnesjum

Brunavarnir Suðurnesja

Kvenfélagið í Grindavík

Sigurjóns bakarí

Og er NES þessum fyrirtækjum mjög þakklát.

Ég vil þakka kærlega fyrir mig og vona að komandi tímar verði okkur hliðhollir.